# Gjörðabók stjórnar Aldamótagarðs 1901-1934

Aðfnr. 1277

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók
stjórnar Aldamótagarðs
1901
:
1934

.077.5 - .823.1:635

Aðfnr. 1277

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

a/58

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Aldamóta-garðurinn.

Bókin hefst með ársbyrjun 1901.

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
1277

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1901.

Á aukafundi Jarðræktarfélags Reykjavíkur hinn 6. febrúar 1901 vakti Einar garðyrkjumaður Helgason umræðu um það, að Jarðræktarfélagið legði með öðrum félögum styrk til að koma upp kál og kartöflugarði, er með einhverju móti gæti verið til styrktar fátæklingum, sem verðust sveit, og var samþykkt að félagsstjórnin og uppástungumaður undirbyggju málið rækilegar til annars aukafundar. – Í stjórn félagsins E. Briem, Halld. Jónsson og Þ. G.

Á aukafundi félagsins 25. febr. 1901 voru með öllum þorra atkvæða samþykktar svohljóðandi tillögur frá félagsstjórninni og uppástungumanni, og höfðu þá fram endurskoðunarmenn félagsins þeir assessor Jón Jensson og ritstjóri Björn Jónsson og einn maður tilnefndur af fátækrastjórninni, Guðmundur Guðmundsson á Vegamótum, verið í verki með að semja tillögurnar

1. Jarðræktarfélag Reykjavíkur gefur

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

í aldamótaminningu 600 kr. af sjóði sínum til að girða 6 dagslátta svæði, ætlað til matjurtaræktar og á sínum tíma til studnings efnalitlum bæjarmönnum, sem verjast sveit.

2. Stofnunin á sig sjálf, en leggist hún niður, er landið með mannvirkjum eign Reykjavíkurbæjar. Forstaðan skal skipuð 3 mönnum, er skifta verkum með sér; Kýs stjórn Jarðræktarfélagsins, bæjarins og Búnaðarfélags Íslands sinn hvern manninn. Skýrslur og reikninga stofnunarinnar skal í byrjun hvers árs leggja fyrir bæjarstjórnina til athugunar.

3. Girta svæðið skal undirbúið til góðs sáðgarðs, svo fljótt sem má, með vinnu þeirra manna sem eru þurfandi sveitarstyrks. Áskotnist stofnuninni fé með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjöfum einstakra manna eða fé-
-laga, skal því varið til að flýta
fyrir ræktuninni. Þegar landið
fer að verða arðberandi, skal öll-
um nytjum og arði varið sem hagan-
-legast til áframhaldandi ræktunar
efnalitlum bæjarmönnum, er
veigast sveit, og er forstöðunefnd
stofnunarinnar skylt að leita
ráða hjá bæjarstjórninni og Jarð-
-ræktarfélaginu um nánari ráð-
-stafanir á meðferð landsins. Þeg-
ar landið er ræktað má selja
það, sé þá um leið tekið jafn-
stórt nýtt land til ræktunar.

4. Ákvæðum þessum má eigi
breyta, nema bæði bæjarstjórnin
og Jarðræktarfélagið samþykki.

Þessi ákvæði hafði bæjarstjórn Reykjavíkur
fyrir sitt leyti samþykkt á fundi 21. febrúar,
og jafnframt heitið land undir garðinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1901

eftir gjaldslaust og þarfamanna vinnu án endur-
gjalds, eftir því sem fært þætti.

Nokkru síðar kusu hlutadeigendur í for-
stöðunefnd stofnunarinnar.

Bæjarstjórn Reykjavíkur kaus
bankastjóra Tryggva Gunnarsson
Búnaðarfélag Íslands kaus
ráðanaut sinn Einar garðyrkjum. Helgason
Stjórn Jarðræktarfélagsins
kaus formann sinn Þórhall lektor Bjarnarson.

Þessir 3 menn áttu síðan fundi með sér og
kusu formann Tryggva Gunnarsson, en skrifara
Þórhall Bjarnarson, en til framkvæmdar starf-
anum og til ráðningar verkamanna, innan
þeirra takmarka, sem sett eru í skipulagsskránni,
var Einar Helgason kosinn.

Fyrsta verk nefndarinnar var að velja landið
og var víða leitað og skoðað, austan bæjar og
vestan. Niðurstaðan varð sú að beið-
ast lands suður og niður af túni Helga kaup-
manns Helgasonar og Gränuborg, við væntanlegt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framhald Laufásvegar. Nú nær tún Helga kaupmanns c. 15 faðma lengra niður en Grænuborgartún, og sýndi Helgi kaupmaður því þann greiða að lofa að skifta á þessum niðurhluta túns síns, c. 15 × 30 ferfaðmar, fyrir jafnstórt svæði girt og ræktað upp af túni sínu og áfast því, með því móti getur Laufásvegur haldið stefnu sinni beint áfram neðanvert við Grænuborgartún. Á fundi bæjarstjórnarinnar 16. apríl 1901 var hið umbeðna land með áður umgetnum kjörum 100 faðma meðfram væntanlegu framhaldi Laufásvegar og 72 faðma niðureftir, auk stykkis c. 15 × 30 □f. upp af Helgatúni til skifta, og er fyrir því bréf bæjarfógeta dags. 19. apr. 1901, er lagt með bókinni.

Önnur gjöf til þessa fyrirtækis var tilkynnt með bréfi hins íslenzka kvenfélags, dagsettu 3. marz 1901, þar sem nefnt félag gefur úr félagssjóði 100 kr., er verði afhentar þegar stjórn Aldamótagarðsins óskar. Bréf þetta lagt og með bókinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1901.

Maí 1901 Teknar út úr
sjóði Jarðræktarf. Reykjavíkur Kr. 250,00
~~sem~~ kvittar fyrir Þórði Bjarnarn

Júní 1901 Einar Helgason veitir móttöku
gjöfinni frá Ísl. Kvenfélagi - - Kr. 100,00

September 1901 Frá Jarðræktarfélagi
Reykjavíkur hina eftirstandandi Kr. 350,00

——— " ———

Vorið 1901 var að mestu gerðar skurðirnir
um landið neðanvert.
Haustið 1901 í októbermánuði var gert ofanið
ofanvert 15 x 30 af. sem Helgi fær í skiftum.

Á fundi bæjarstjórnar 17/10 báru 2 stjórnarmenn
sem í bæjarstjórn sitja fram ósk um að veginn gerði
gjörðir alla leið að Aldamótagarði, og ávarpaða þær
með bréfi 26. oktob. Sú framlenging Laufás-
-vegar er 54 faðmar og lofuðu nefndin að leggja
fram af fé Garðsins það sem verkið kostaði
fram yfir 200 Kr., væri það gjört fyrir nýár

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1901.

Undirstaða vegarins var lögð fyrir áramót en ekki borið í hann

Árið 1901 var unnið fyrir 443,46 kr. og var skýrsla um það gefin bæjarstjórninni og Jarðræktarfélaginu

## 1902.

Um vorið voru hliðarnar að austan og vestan girtar með gaddavír svo nú var garðurinn gripheldur, þó var á parti að norðanverðu að eins bráðabirgða girðing. Tekið hefur verið upp lítið eitt af grjóti. Girðingakostnaðurinn á árinu varð 109,85 kr. Við lok ársins 1902 var til í sjóði 142,69 kr. — Um haustið var samið við tvo menn, þá Kristinn Guðmundsson og Jón Jörundsson um að slétta og ryðja grjóti úr hinu nýja landi, sem Helgi kaupmaður Helgason á að fá fyrir neðri hluta af túni sínu. Þeir eiga líka að hlaða garð fyrir tún Helga neðanvert og fyrir þetta eiga þeir að fá 185,00 kr. sem er að mun meira en það sem til er í sjóði. Á þessu verki byrjuðu þeir um haustið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1903.

Ræktaður blettur ofan við Helga-tún sem látinn var í skiftum fyrir neðarhluta túnsins. Hlaðinn grjótgarður þvert yfir túnið, sem myndar suðurtakmörk þess, meðfram áframhaldi Laufásvegar.

Bæjarstjórnin veitti 500 kr. til vinnu þurfamanna í garðinum og greiddi bæjarsjóður af því fé á árinu 431.07 kr. en sú upphæð er ekki tilfærð á reikningunum sem hér er á eftir.

Þurfamannavinnan gekk til þess að stinga upp og grafa skurði, safna grjóti og hlaða grjótgarð fyrir vesturhluta af norðurhlið garðsins, meðfram áframhaldi Laufásvegar.

Nöfn mannanna og upphæð sú sem þeir unnu fyrir.

| | |
|---|---|
| Fridsteinn Jónsson | kr. 6.75 |
| Vigfús Vigfússon (Málfríður Jóhannsdóttir) | - 30.23 |
| Þórður Brynjólfsson (Brynj. Eiríksson) | - 1.90 |
| Brynjólfur Eiríksson | - 11.70 |
| Gísli Kristjánsson | - 64.06 |
| Þorkell Sigurðsson | - 66.16 |
| Jón Óli Þorkelsson (Þorkell Sigurðsson) | - 18.06 |
| Marteinn Finnbogason | - 60.48 |
| Sigurður Guðmundsson | - 13.50 |
| Magnús Sigurðsson | - 28.30 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Jón Hjörleifsson (Gróa Guðmundsdótt. | 26.01 |
| Jóhannes Sigurðsson | 68.82 |
| Oddfreður Oddsson | 26.30 |
| Ólafur Sveinsson | 8.80 |
| Samtals kr. | 431.07 |

Þessir menn unnu að eins á þeim tímum sem þeir ekki höfðu vinnu annarstaðar.

## Jarðabótareikningur Aldamótagarðsins 1903.

| Tekjur: | kr. | Gjöld | kr. |
|---|---|---|---|
| 1. Í sjóði frá f. á | 142.69 | 1. Til Jóns Hjör. og Kr. Guðm. fyrir grjótg. o. fl. | 185.00 |
| 2. Fyrir sumarleigu (beit) | 45.00 | 2. Hafra, bygg og grasfræ | 10.00 |
| 3. Vinnustyrkur frá Jarðr.f. Rvík | 5.00 | 3. Guðm. Ámundason áburð | 4.80 |
| Skuld við Einar Helgason | 22.74 | 4. Sáning og jöfnun | 2.35 |
| | | 5. Útbúnaður á hlið | 3.37 |
| | | 6. Klofið grjót | 8.91 |
| | | 7. Tillag til Jarðræktarfélagsins | 1.00 |
| Kr. | 215.43 | Kr. | 215.43 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1904

Áburðarfélagi Reykjavíkur var ~~undanfarið ár~~ leyft að byggja áburðarhús á lóð Aldamótagarðsins. Með bréfi 19. maí 1905, ~~frá~~ ~~[illegible]~~ er tilkynt samþykki bæjarstjórnar á að áburðarfélagið fái endurgjaldslaust blett 1650 □ álna stóran fyrir húsið svo lengi sem ~~það~~ þarfnast blettsins þessvegna.

## Fjárhagsreikningur Aldamótagarðsins 1904

| Tekjur: | | Gjöld: | |
|---|---|---|---|
| 1. Selt grjót . . . . | Kr. 18.00 | Skuld við E. H. frá f. á. | Kr. 22.74 |
| 2. Kúabeit . . . . | — 20.00 | Fyrir grjótruðning o. fl. | — 16.95 |
| 3. Styrkur frá Jarðræktarf. Rvíkur | — 15.00 | — áburð og útflutning | — 9.50 |
| 4. Skuld við undirritaðan | — 4.84 | — Herfing Helgi K. Jóns. | — 5.40 |
| | | Bráðabyrgðagirðing fyrir einn [illegible] | 3.25 |
| | Kr. 57.84 | | Kr. 57.84 |

Reykjavík 31. des. 1904

Einar Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1905

Stjórn Aldamótagarðsins sendi bæjarstjórninni eftirfarandi bréf, ritað 18. október.

„Á síðasta bæjarstjórnarfundi vakti undirritaður formaður í forstöðunefnd Aldamótagarðsins máls á því að nauðsyn væri á að taka lán til að koma garðinum í rækt og til nytja fyrir almenning.

Eins og seinasti reikningur ber með sér, afhentur bæjarstjórninni í byrjun þessa árs var garðurinn þá í nokkurra króna skuld við reikningshaldara. Árstekjur hans fyrir beit eru ekki nema fyrir viðhaldi girðinga.

Stofnféð sem gefið var 700 kr. gekk allt til girðinga skurðagraftar og þurkunar á nokkrum hluta. Alls hafa verið pældar og plægðar tæpar 2 dagsl., sem fljótt og fremur kostnaðarlítið má koma í rækt.

Landið er fullar 8 dagsláttur, kanturinn að ofan með Laufásvegi eða væntanlegri framlenging hans um 116 faðmar. Fram með þeim vegi viljum vér undanskilja frá ræktun 15 faðma breiða svæði, og er það land allt grýtt, nema túnblettirnir frá Helga kaupm. Helgasyni. Nyrzt í stykkinu og næst áburðarhúsinu, nær grjótbeltið lengra niðureftir og telst oss svo til að það verði um 5 dagsl., sem eru auðræktarhæfar og áreiðanlega mundu gefa góða uppskeru af kartöflum og rófum, eins og samskonar land rétt hjá gróðrastöðinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1905

Land þetta viljum vér þurka vandlega, og bera í áburð, sem fæst þar tiltölulega ódýr, skifta síðan landinu í smáreiti hverir um 100 □ faðma og leigja bæjarmönnum gegn sanngjarnri þóknun.

Eftir því sem bærinn byggist og fólkinu fjölgar, verður tilfinnanlegur skortur á sáðgörðum, og ekki efamál að svona blettir leigðust og þetta yrði til hagsmuna og þæginda fyrir bæjarbúa.

Á meðlagðu korti sést hvernig vér hugsum oss ræktun og reitaskifting landsins. Girðing hugsum vér oss eigi að setja milli reitanna, bara að landið í heild sinni sé örugglega girt og hlið sem á eru lokist að sjálfu sér.

Kostnaðaráætlun sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Grjótgarður 58 faðmar | kr. | 170 |
| Lokræsi 300 — | — | 300 |
| Ræktun landsins | | 800 |
| Vegir 350 faðma | | 350 |
| Umbætur á girðingunni | | 380 |
| Samtals | kr. | 2000.00 |

Samkvæmt þessu óskjum vér samþykkis háttvirtrar bæjarstjórnar Reykjavíkur að mega taka 2000 kr. lán gegn veði í landinu. Búumst vér við að taka reikningslán og verja fénu eftir þörfum þannig að landið yrði ræktað á tveimur árum."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framanskráðu bréfi svaraði bæjarstjórnin með heimild til að taka lán gegn veði í garðinum og var síðan lánið tekið, 2000 kr. að upphæð, í Íslandsbanka. Þórh. Bjarnarson tók að sér gjaldkerastörf en Einar Helgason skyldi annast framkvæmdir vinnunnar. Var svo byrjað á garðhleðslu og vegagjörð í nóvember mánuði og haldið áfram annaðslagið til nýjárs.

Sumarið 1905 fór Áburðarfélagið fram á að fá útmælda lóð undir og kringum hús það er það á í neðri hluta garðsins. Bæjarstjórnarnefndin kom sér saman um að félagið fengi 1650 □ álnir og bæjarstjórnin samþykkti að veita félaginu ókeypis afnot af fyrgreindum lóðarbletti svo lengi sem félagið þarfnast þess vegna safnhúss síns. (Þetta tilkynnt með bæjarfógetabréfi 19. maí.)

Reikningur Einars Helgasonar til Aldamótagarðsins fyrir árið 1905, var svo hljóðandi við lok ársins.

| | Tekjur kr. | Gjöld kr. |
|---|---|---|
| Skuld frá fyrra ári við reikningshaldara | | 4.84 |
| Vinnustyrkur frá Jarðræktarfélagi Rvíkur | 10.00 | |
| Leiga fyrir landið | 20.00 | |
| Tilbúinn áburður: 150 ℔ Kalísalt 7/20 | | 10.80 |
| — " — 250 superfosf. 4/50 | | 11.25 |
| Hafrar frá Jes Zimsen 180 ℔ 9½ eyrir pd. | | 17.10 |
| Flutt kr. | 30.00 | 43.99 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1905

| Framhald | Tekjur kr. | Gjöld kr. |
| --- | --- | --- |
| Flutt | 30.00 | 43.99 |
| Sáning 4/00: keypt snúra 1/25 | | 5.25 |
| Eiríkur Stefánsson fyrir plægingu | | 6.30 |
| Þórður H. Þórðarson fyrir plægingu | | 3.30 |
| Maður frá Gróðrarst. plægir | | 2.64 |
| 2 hestar frá Gróðrarst 27 tíma hver /22 | | 11.88 |
| Búið til nýtt garðshlið og gert við annað | | 4.00 |
| Helgi Pálsson gerir við girðingu 12 tíma /20 | | 2.40 |
| Skuld við reikningshaldara í árslok | 49.76 | |
| Ballance | 79.76 | 79.76 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á þessu ári var gjörður vegur suður til móts, eftir nyðju landinu, neðan við áburðarhúsið og vegur frá áburðarhúsinu ofan á hann. Sáð var höfrum í 2 dagslættur, sumt af þeim var rutt um vorið. Slægja sú seldist á 30 kr. Auk þess var óræktaða landið notað til beitar, en lítið varð þó fremur úr því, þar sem um sumarið var plægt alt landið sem plægjandi var. Um haustið gjörði Einar Helgason samning við Norðmann einn, um að hlaða það sem eftir var af garðinum ofan við landareignina, en þegar til kom treysti maður sá sér ekki til að vinna verkið fyrir hið umsamda kaup 125 kr., sem hann hafði beðið í fyrstu og hætti hann því alveg garðhleðslunni.

Um vorið var keyptur áburður frá Áburðarfélaginu og ~~sáð~~ borinn á þar 2 dagsl. sem sáð var í.

Um nýjár gerði E. H. svolátandi reikningsskil um viðskifti sín.

| | |
|---|---|
| Skuld frá f. á. . . . . . . . . . . | kr. 49.76 |
| Hafrar til útsæðis 21/60; Hliðumbúningur 21/88 | — 43.48 |
| Útgjöld samtals | — 93.24 |

Tekjur á árinu:

| | |
|---|---|
| Beit 10/00; slægja 30/00 . . . — — | 40.00 |
| Eftirstöðvar, greiddar 29/1-07 | — 53.24 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 1907

Allur neðri helmingur Aldamótagarðsins plægður og sáð í meiri hluta hans höfrum. Jóhann Jónasson hlóð grjótgarð ofan við eystri hluta garðsins.

## 1908

Sáð gulrófum og fóðurrófum í alt að þriðjungi garðsins fyrir neðan þverveg en höfrum í hinn neðri hlutann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1909

Sáð grasfræi í hér um bil dagsláttu stórt; rófum í hálfa aðra dagsláttu og byggi og höfrum í hinum hlutanum neðan við miðju. Mestmegnis var notaður tilbúinn áburður.

Um vorið var nokkrum mönnum mæld út stykki í efri hluta garðsins austan til þar sem óræktað var, 100 □ faðmar hverjum. Þeim er leigð stykkin til 10 ára til ræktunar, gegn endurgjaldi sem svarar 40 kr. af dagsláttu. 12 menn byrjuðu á að fá sér þessa bletti og smámsaman bættust við um sumarið svo þeir voru 18 alls er komið var fram yfir miðt sumar, bættust þá enn við 8 um haustið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 1910

Síðastliðið vor voru útmældir 17 blettir 100 □ fm. hver í austurhorni garðsins voru þessir reitir leigðir út ýmsum þurrabúðarmönnum til 10 ára, fyrir 2 - 5 kr. hver eftir gæðum. Voru þeir flestir prentarar er þessa reiti tóku á leigu. Á þessu ári bættust nokkrir við

## 1911

Voru 18 reitir mældir út í norðvestur horni garðsins og leigðir jafnmörgum mönnum til 10 ára fyrir 5 kr. hver reitur. — Auk þessa var um vorið einn reitur, sá 18., mældur og leigður út í sama horni garðsins og mold var út í fyrra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1912

Var þriðji fjórðungur garðsins mældur út og leigður í 100 □ fm. stórum reitum eins og hinir fjórðungarnir tveir, voru það 17 reitir, hver leigður til 10 ára á 5 kr.

Leigubréf hafa verið gefin út fyrir öllum þessum reitum, undirrituð af stjórn garðsins og leigutaka. Bréfin varðveitir gjaldkeri garðsins Þórhallur Bjarnarson biskup.

Norðurhornið sem eftir er óleigt er að mestu leyti grýtt holt.
Þar er lítill túnblettur sem Einar Helgason yrkir á sinn kostnað en geldur ekkert eftir fyrst um sinn, á meðan hann hefir alla umsjón yfir garðinum.

Tveir blettir voru leigðir út í þessum fjórðungi garðsins árið 1911.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1915

Fjórum mönnum leigðir reitir 100 ☐ fm. stórir í miðbáli við hina tvo sem áður eru leigðir í norðaustur jaðri garðsins. Þrír þeirra, nr. 57–59, eru látnir leigulaust til ársins 1919 og það gert vegna þess hve grýttir þeir eru og örðugir.

1916

Í fyrsta sinn eru nú settir verm-reitir í Aldamótagarðinum. Hafa það gert tveir leigutakendur, Axel Meinholt og frk. Jóhanna Hansen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1917

Stjórn garðsins hefir verið hin sama síðan 1901 (sjá bls. 6) en nú varð sú breyting á við lát Þórhalls biskups Bjarnarsonar, að í stað hans var kosinn á aðalfundi Jarðræktarfélags Reykjavíkur Sigurður Thoroddsen ingeniör.

Á sama fundi bauðst Jarðræktarfélagið til að gefa 100 kr. til Aldamótagarðsins gegn því skilyrði að Búnaðarfélag Íslands legði fram annað eins og bæjarstjórnin sömuleiðis auk þess vænst að hún legði ~~fram~~ vatnsleiðslu inn í garðinn. Skyldi þetta fé notað til að bæta vegi og framræslu í garðinum. Tilkynti stjórn Jarðræktarfélagsins stjórn Aldamótagarðsins þetta með bréfi dags. 16. apríl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Ársreikningur Aldamóta-

| Tekjur | Kr. | aur. |
|---|---|---|
| Greidd árstillög til 1/5 1918 | 576 | 36 |
| Ógreidd árstillög til 1/5 1918 | 41 | 75 |
| Tillag úr bæjarsjóði | 100 | " |
| —"— frá Jarðræktarfjelagi Reykjavíkur | 100 | " |
| —"— frá Búnaðarfjelagi Íslands | 100 | " |
| Skuld til Íslandsbanka 1. jan. 1918 | 1484 | 35 |
| | 2402 | 46 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## – garðsins fyrir árið 1917.

| Gjöld. | kr. | aur. |
|---|---|---|
| Skuld til Íslandsbanka (reikslán, upprunal. 2000 kr) í apríl 1917, þegar núverandi gjaldkeri tók við | 1764 | 32 |
| Viðskiptagjald og vextir af reikningsláni til 30. júní 1917 – 10,00 k + 57,80 k | 67 | 80 |
| Viðskiptagjald og vextir af reikningsláni til 1. janúar 1918 – 10,00 k + 44,23 k | 54 | 23 |
| Greiddir ýmsir reikningar | 31 | 12 |
| Útistandandi árstillög, til jafnaðar | 41 | 75 |
| Lagt inn í reikningslán eptir 1. jan 1918 og hjá gjaldkera | 443 | 24 |
| | 2402 | 46 |

Reykjavík þ. 1. maí 1918

Sig. Thoroddsen
gjaldkeri.

Afrit af þessum reikningi sent bæjarstjórn Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ársreikningur Aldamóta-ga

| Tekjur | Kr. | aur. |
| --- | --- | --- |
| Í sjóði 1. januar 1918 | 443 | 24 |
| Greidd árstillög á árinu 1918 | 248 | 89 |
| Ógreidd árstillög fyrir ár 1918 og fyrri ár | 48 | 80 |
| Einar Helgason greitt leigu af grasbletti | 15 | – |
| Skuld til Íslandsbanka 1. januar 1919 | 1455 | 97 |
| | 2211 | 90 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# gardsins fyrir árið 1918.

## Gjöld.

| | Kr. | aur. |
|---|---|---|
| Skuld (reikningslán) til Íslandsbanka 1. jan. 1918 - - - | 1484 | 35 |
| Viðskiptagjald og vextir af reikningsláni til 1. júlí 1918 - - | 51 | 15 |
| Viðskiptagjald og vextir af reikningsláni til 1. jan. 1919 - - | 52 | 47 |
| Greiddir ýmsir reikningar á árinu | 259 | 75 |
| Útistandandi árstillög, til jafnaðar — | 48 | 80 |
| Í sjóði 1. januar 1919 | 315 | 38 |
| | 2211 | 90 |

Reykjavík des. 1919
Sig. Thoroddsen
gjaldkeri

Afrit af þessum reikningi sent bæjarstjórn í sept 1924

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ársreikningur Aldamóta-

| Tekjur | kr. | aur. |
|---|---|---|
| Í sjóði 1. jan. 1919. | 315 | 38 |
| Greidd tillög á árinu 1919 | 205 | -- |
| Ógreidd tillög fyrir ár 1919 og fyrri ár . . . | 107 | 30 |
| Einar Helgason greitt leigu af grasbletti | 15 | -- |
| Skuld til Íslandsbanka (reikningslán) 1. jan. 1920 | 1366 | 55 |
| | 2009 | 23 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## gardsins fyrir árið 1919.

| Gjöld | | kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| Skuld til Íslandsbanka (reikningslán) 1. jan. 1919 | | 1455 | 97 |
| Útskiptagjald og vextir af reikningsláni: | | | |
| til 1. júlí 1919 = 56,68 kr. og til 1. jan. 1920 = 53,90 | | 110 | 58 |
| Greiddir ýmsir reikningar á árinu | | 23 | 10 |
| Ógreidd tillög f. á. 1919 og fyrri ár til jafnaðar | | 107 | 30 |
| Í sjóði 1. jan. 1920: | | | |
| a) lagt inn í reikningslán á árinu 1920 | 300,00 | | |
| b) hjá gjaldkera | 12,28 | 312 | 28 |
| | | 2009 | 23 |

Reykjavík sept. 1920
Sig. Thoroddsen
gjaldkeri

Afrit af þessum reikningi sent bæjarstjórn í sept. 1924

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur Alda-

## Tekjur

| Tekjur | | kr. | a. |
|---|---|---|---|
| Í sjóði 1. jan. 1920. | | | |
| a) lagt inn í reikningslán á árinu 1920 - - | 300,00 | | |
| b) hjá gjaldkera | 12,28 | 312 | 28 |
| Greidd tillög á árunum 1920 og 1921 | | 336 | 50 |
| Ógreidd tillög fyrir árið 1921 | | 25 | -- |
| Einar Helgason greitt leigu af grasbletti f. ár 1920 - - | | 15 | -- |
| Skuld til Íslandsbanka (reikningslán) 1. jan. 1922 | | 1302 | 90 |
| | | 1991 | 68 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mótagarðsins fyrir árin 1920 og 1921.

| Gjöld | | Kr. | a. |
|---|---|---|---|
| Skuld til Íslandsbanka (reikningslán) 1. jan 1920 ...... | | 1366 | 55 |
| Viðskiptagjald og vextir af reikningsláni: | | | |
| til 1/7 1920 = 61,79; til 1/1 1921 = 57,40 ..... | 119,19 | | |
| til 1/7 1921 = 57,43; til 1/1 1922 = 59,73 ..... | 117,16 | 236 | 35 |
| Greiddir reikningar á árunum | | 59 | 23 |
| Ógreidd tillög fyrir árið 1921 til jafnaðar | | 25 | -- |
| Í sjóði 1. jan. 1922: | | | |
| a) lagt inn í reikningslán í maí 1922 ... | 300,00 | | |
| b) hjá gjaldkera .......... | 4,55 | 304 | 55 |
| | | 1991 | 68 |

Reykjavík des. 1922
Sig. Thoroddsen
gjaldkeri

Afrit af þessum reikningi sent bæjarstjórn í sept. 1924

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur Alda-

| Tekjur | | kr. | au. |
|---|---|---|---|
| Í sjóði 1. jan. 1922: | | | |
| a) lagt inn í reikningslán í maí 1922 - - | 300,00 | | |
| b) hjá gjaldkera — — — | 4,55 | 304 | 55 |
| Greidd tillög á árunum 1922 og 1923 | | 518 | — |
| Ógreidd tillög fyrir árið 1923 | | 12 | — |
| Einar Helgason greitt leigu fyrir grasblett fyrir | | | |
| árin 1921, 1922 og 1923 — — — | | 45 | — |
| E. H. greitt fyrir slægjur, leigðar öðrum 1923 | | 21 | — |
| 16/8 1923 Til jafnaðar við tekjulið (lagt inn í reikn.lán) | | 350 | — |
| Skuld til Íslandsbanka (reikningslán) 1. jan. 1924 — — | | 844 | 32 |
| | | 2094 | 87 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# mótagarðsins fyrir árin 1922 og 1923.

## Gjöld

| | | Kr. | au. |
|---|---|---|---|
| Skuld til Íslandsbanka (reikningslán) 1. jan 1922 | | 1302 | 90 |
| Miðskiptagjald og vextir af reikningsláni: | | | |
| til 1/7 1922 = 58,41, til 1/1 1923 = 45,81 . . . . . | 104,22 | | |
| til 1/7 1923 = 45,98, til 1/1 1924 = 41,22 . — — | 87,20 | 191 | 42 |
| 16. ág. 1923 lagt inn í reikningslán 350 kr — — | | 350 | .. |
| Reikningar fyrir 1921 og 1922, fyrir ýmsa vinnu | | 40 | 05 |
| 1922. Reikningur frá Gutenberg (prentaðir leigusamningar) | | 23 | 35 |
| — fyrir að skrifa og bera út reikninga - - | | 4 | 50 |
| 1923. Fyrir vinnu og efni við girðingar | | 101 | 94 |
| — — fyrir skriftir og bera út reikninga | | 12 | 25 |
| — Keypt kassabók m.m. - — | | 1 | 60 |
| Ógreidd tillög fyrir 1923: Til jafnaðar | | 12 | .. |
| Í sjóði 1. jan. 1924 (hjá gjaldkera) | | 54 | 86 |
| | | 2094 | 87 |

Reykjavík 10. júlí 1924
Sig. Thoroddsen
gjaldkeri.

Afrit af þessum reikningi sent bæjarstjórn í sept. 1924.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur Alda- m

## Tekjur.

| | | kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| | I sjóði: | 54 | 86 |
| I. | Greidd árstillög 1924 og 1925 | 678 | 50 |
| II. | Einar Helgason greiddi fyrir slægjur 25 kr., f. beit 10 kr. | 35 | 00 |
| III. | Til jafnaðar við gjaldalið III | 400 | 00 |
| | Skuld við Íslandsbanka 1. jan. 1926 (reikningslán) | 610 | 91 |
| | | 1779 | 27 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# mótagarðsins fyrir árin 1924 og 1925.

## Gjöld.

| | | | Fylgiskjöl | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|---|
| I. | Skuld við Íslandsbanka (reikningslán) 1. jan. 1924 | | | 844 | 32 |
| II. | Viðskiptagjald og vextir af reikningsláni: | | | | |
| | til 1/7. 1924 = 42,70 kr.; til 1/1. 1925 = 45,48 – – – – | 88,18 kr. | | | |
| | til 1/7. 1925 = 46,02 kr.; til 1/1. 1926 = 32,39 – – – – – | 78,41 - | | 166 | 59 |
| III. | Lagt inn í reikningslán 15/6. 1925 | | | 400 | 00 |
| IV. | 1924: a) Reikningur fyrir skriftir og innheimtu | 6,75 kr. | 1. | | |
| | b) —"— frá Morgunblaðinu | 3,60 - | 2. | | |
| | c) —"— frá Klemensi Kr. Kristjánss. | 108,00 - | 3. | | |
| | d) Vinna við girðingu | 17,85 - | 4,5. | 136 | 20 |
| V. | 1925: a) Reikningur frá Gutenberg | 10,00 kr. | 6. | | |
| | b) —"— fyrir skriftir og innheimtu | 12,00 - | 7. | | |
| | c) Pappír og umslög | 1,75 - | | | |
| | d) Gert við girðingu | 4,00 | 8. | 27 | 75 |
| | Í sjóði hjá gjaldkera 1. jan. 1926 | | | 204 | 41 |
| | | | | 1779 | 27 |

Reykjavík júlí 1926
Sig. Thorvaldsson

Afrit af þessum reikningi sent bæjarstjórn í júní 1929.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur Aldamótaga[rðsins]

## Tekjur

| | | kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| I. | Í sjóði 1. jan. 1926 | 204 | 41 |
| II. | Greidd tillög á árunum 1926 og 1927 | 603 | 00 |
| III. | Einar Helgason greiddi fyrir grasblett 1925, '26, '27 | 45 | 00 |
| IV. | Lán úr bæjarsjóði Reykjavíkur 1. ág. 1926 | 2500 | 00 |
| V. | Vextir af sparisjóðsfé | 141 | 53 |
| | | 3493 | 94 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# …rótagarðsins fyrir árin 1926 og 1927.

## Gjöld

| | | fylgi-skjöl | kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|
| I. | Skuld við Íslandsbanka (reikningslán) 1. jan. 1926 | | 610 | 91 |
| II. | Vextir og viðskiptagjald til 1/7 1926 | | 42 | 00 |
| III. | 1926: Reikningar fyrir vinnu frá Jóni Eiríkss. | 1, 2. | 596 | 80 |
| | fyrir innheimtu og skriftir | 3. | 11 | 00 |
| IV. | 1927: a) Reikningur frá Einari Ásmundssyni | 4. | 4 | 00 |
| | b) —"— frá Árna Jónssyni | 5. | 31 | 04 |
| | c) —"— frá Daníel Hjálmssyni | 6. | 94 | 05 |
| | d) —"— frá Einari Helgasyni | 7. | 27 | 60 |
| | e) Fyrir innheimtu, skriftir og pappír | 8, 9, 10. | 19 | 00 |
| V. | Greiddir vextir af láni bæjarsjóðs (1/8. 1926 – 1/8. 1928) | 11. | 200 | 00 |
| 5/7 1928. | Í sjóði: a) í sparisjóði ---- 1741,53 kr. | | | |
| | b) hjá gjaldkera ---- 116,01 | | 1857 | 54 |
| | | | 3493 | 94 |

Reykjavík 5. júlí 1928

Sig. Thoroddsen.

Afrit af þessum reikningi sent bæjarstjórn í júní 1929.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur Aldamótagarðs

## Tekjur

| | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| I. Í sjóði 5. júlí 1928 (skv. fyrri reikning) | | | |
| a) í sparisjóði | 1741,53 | | |
| b) hjá gjaldkera | 116,01 | 1857 | 54 |
| II. Greidd tillög á árunum 1928, 1929 og 1930 | | 1111 | -- |
| III. Vextir af sparisjóðsfje: a) ár 1928 | 39,24 | | |
| b) ár 1929, 1930 og til 1/7 1931 = | 243,85 | 283 | 09 |
| IV. Til jafnaðar við gjaldlið I. | | 2500 | -- |
| | | 5751 | 63 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-gjalds ins fyrir árin 1928, 1929 og 1930.

## Gjöld.

| | | Fylgiskj. | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| I. Lán úr bæjarsjóði Reykjavíkur (skuld) frá 1/8 1926 | | | 2500 | -- |
| II. Vextir af láninu frá 1/8 1928 – 1/8 1930 | | 1,2 | 200 | -- |
| III. Vinna o.fl.: ár 1928 reikn. frá Ásbirni Guðmundss. | | 3 | 79 | 80 |
| ár 1929: a) reikn. frá Daniel Hjálmss. | | 4 | 70 | 60 |
| b) reikn. frá Mjólkurfjel. Reykjav. | | 5 | 15 | -- |
| c) reikn. frá Völundi | | 6 | 56 | 79 |
| ár 1930. a) reikningur frá Daniel Hjálmss. | | 7 | 57 | 20 |
| b) do. frá Lofti Sigurðssyni | | 8 | 37 | 70 |
| c) do. frá Völundi | | 9 | 8 | 36 |
| d) do. frá Rafmagnsveitu Reykjav. | | 10 | 20 | -- |
| Reikningar fyrir auglýsingar | | 11,12 | 13 | -- |
| — — fyrir innheimtu o.fl. | | 13-16 | 25 | 50 |
| IV. Í sjóði 6. júlí 1931: a) í sparisjóðsbók | 2624,62 | | | |
| b) hjá gjaldkera | 43,06 | | 2667 | 68 |
| | | | 5751 | 63 |

Reykjavík 6. júlí 1931
Sig. Thoroddsen

Afrit sent borgarstj. 17/8 1931.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur Aldamótagarðs- ins

## Tekjur

| | | | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| I | Í sjóði 6. júli 1931. a) í sparisjóðsbók | kr. 2624,62 | | |
| | b) hjá gjaldkera | 43,06 | 2667 | 68 |
| II. | Greidd tillög á árunum 1931, 1932 og 1933. | | 1243 | " |
| III. | Vextir af sparisjóðsfje: a) ár 1931 frá 1/7 – 31/12 .. | 58,78 | | |
| | b) ár 1932 og 1933: 126,24 + 132,67 = | 258,91 | 317 | 69 |
| IV | Til jafnaðar við tekjulið I | | 2500 | " |
| | | = | 6728 | 37 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

…ins fyrir árin 1931, 1932 og 1933.

## Gjöld

| | | fylgiskj. | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| I | Lán úr bæjarsjóði Reykjavíkur (skuld) frá 1/8 1926 | | 2500 | .. |
| II. | Vextir af láninu frá 1/8 1930 – 1/8 1933 | 1-2 | 300 | .. |
| III. | Vinna o.fl. fyrir árin 1931 og 32 og 33 a) reikn. frá Mjólkurfélaginu | 3 | 54 | 95 |
| | b). reikn. frá Ellingsen 3,65 kr. c) reikn. frá Jónasi Thorodds. (vinna) 50,40 | 4-5 | 54 | 05 |
| | d) reikn. frá Daniel Hjálmss. (vinna) 7 kr + 85,64 a. | 6-7 | 92 | 64 |
| | ár 1933. Reikningur frá Einari Helgas. | 8 | 30 | 60 |
| IV. | Fyrir innheimtu, skriftir o.fl. – | | | |
| | a) reikn. frá Daniel Hjálmssyni fyrir innheimtu | 9-13 | 60 | .. |
| | b). fyrir umslög og kvittanabókum 5,20 kr. c) reikn. frá Margr. Th. fyrir skrifti 8,50. | 14-17 | 13 | 70 |
| | d): reikn. frá Jónasi Th. fyrir skriftir og innheimtu 1931 | 18 | 20 | 40 |
| V. | Í sjóði 17. jan. 1934: sparisjóðsbók Útvegsbanka nr. 16646 | | 3602 | 03 |
| | | = | 6728 | 37 |

Rvík 17. januar 1934.

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

58 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt kr. 385,50

8. nóvember medtekid (sextíu og fimm) " 65.00

Einar Helgason

31/12 '01 Tillag til Jarðr.f. Reykjavíkur 1,00

Júlí 1902

Medteknar Kr. 50.00

Einar Helgason

2 Sept. 1902

Medteknar — fimmtíu — Kr. 50.00

Einar Helgason

— " Sérmat. ávísun frá Jarðr.f. Reykjav. 16.00

Einar Helgason

24. des. 1902

Sérmat. medt. — tuttugu — kr. 20,00

Einar Helgason

10. febr. 1903 medtekid krónur 50,00

Einar Helgason

1 maí 1903 medtekid krónur 50,00

Einar Helgason

27. maí 1903 Medtekid Krónur 28,50

Einar Helgason

= Krónur 716,00

þ. a. 600 + 100 + 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útgjöld Aldamótagarðsins.

| | | Kr. a |
|---|---|---|
| 1901. Maí | Keypt þessi bók . . . . | 0,50 |
| — Júní | Einar Helgason kvittar gjöf hins Íslenzka Kvenfélags - - | 100,00 |
| — 29. júní | Einar Helgason tekur<br>Medt. 40 fjörutíu krónur Einar Helgason | 40,00 |
| — 1 Júlí | Einar Helgason<br>Medt. 20 tuttugu krónur Einar Helgason | 20,00 |
| — 6 — | Útborgað [illegible] J. H. og M. B. 25,00 | |
| — 13 — | Dto Dto — 25,00 | |
| — 22 — | Útborgað Einari Helgasyni 25,00<br>Þessar næst framanskrifuðu 75 sjötíu og fimm krónur meðtekur<br>Einar Helgason | 75,00 |
| Októb. 19. | Meðtekur 50 fimmtíu krónur<br>Einar Helgason | 50,00 |
| Októb. 26 | Meðtekur 50 fimmtíu krónur<br>Einar Helgason | 50,00 |
| Nóvemb. 2. | Meðtekur 50 fimmtíu krónur<br>Einar Helgason | 50,00 |
| | | Kr. 385,50 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 19. d april mán. 1901.

Samkvæmt beiðni hinnar heiðruðu stjórnar „Aldamótagarðsins" í brjefi, dags. 16. þ. m., hefur bæjarstjórnin samþykkt að láta af hendi til þessa fyrirtækis land það, sem farið er fram á í brjefinu, sem er svæði suður og niður af túni Helga kaupmanns Helgasonar og Grænuborgartúni, 100 faðmar meðfram væntanlegu framhaldi Laufásvegar og 72 faðmar niðureptir; svo og stykki c. 15 × 30 faðma áfast við tún Helga kaupmanns að ofanverðu, og er land þetta veitt með þeim kjörum, er bæjarstjórnin á fundi sínum 21. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rvk. 3/3. 1907.

Á fundi hins íslenzka kvenfélags 28. febr. var

febrúar þ. á.

Halldór Daníelsson

Til

Stjórnar „Aldamótagarðsins“.

© Borgarskjalasafn Reyk

Rvk. 3/3. 1901.

Á fundi hins íslenzka kvenfélags 28. febr. var samþykkt að gefa 100 kr. úr félagssjóði til að styrkja fyrirtæki það, er Jarðræktarfélag Reykjavíkur hefur ákveðið að koma á fót til stuðnings efnalitlum mönnum, er verjast sveit.

Fé þetta verður afhent þegar stjórn fyrirtækisins óskar þess.

Fyrir hönd hins íslenzka kvenfélags

Félagsstjórnin.

100 Kr. meðteknar í júní 1901 af Einari Helgasyni

Til formanns Jarðræktarfélags Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur